



***Fornleifaskráning vegna lagningu strengs frá
Lindarbrekku í Kelduhverfi að Grímsstöðum á
Fjöllum***



Indriði Skarphéðinsson

2025


Forsíðumynd: Varða [3414-001] mynd tekin til norðausturs.



© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir
Ágúst 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið.....	2
Fornleifaskráning	3
[3414-001] varða – samgöngubót	4
[3414-002] varða – samgöngubót	4
[3414-003] varða – samgöngubót	5
[3414-004] varða – samgöngubót	5
[3414-005] varða – samgöngubót	6
[3414-006] gata – leið.....	6
[3414-007] varða – samgöngubót	7
[3414-008] gata – leið.....	7
[3414-009] hleðsla – varða	7
Niðurstöður	8
Heimildaskrá:	9
Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis.	10
Grímsstaðir – Varða [3414-001].....	10
Reykjahlíðarafrétt – Vörður [3414-004, & -005]	11
Tóveggur – Leið [3414-008].....	11
Samantekt.....	12
Viðauki II. Tafla yfir skráðar minjar.....	13
Viðauki III. Minjakort.....	13



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.

Abstract

RARIK hired Sagnbrunnur ehf, to conduct an archaeological survey of an area affected by a planned electrical cable located between Lindarbrékka in Kelduhverfi and Grímsstöðum á Fjöllum. The project has the registration nr. 3414. During fieldwork 9 features were surveyed, out of which 7 are protected due to age, 4 features are considered to be in danger because of the project. In those cases, counter-measures were suggested to prevent any disruption of the protected archaeological remains, such as changes to the planned route of the cable where possible. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012

Inngangur

Að beiðni RARIK ehf. tók Sagnabrunnur ehf. að sér fornleifaskráningu á leið strengs frá Lindarbrekku í Kelduhverfi að Grímsstöðum á Fjöllum. Fulltrúi verkkaupa var Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir og fékk verkið verkefnanúmerið 3414 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á lagnaleið, ásamt því að skoða lagnaleið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði.

Farið var á vettvang dagana 26.-27. júní og svæðið tekið út. Í heildina voru skráðar níu minjar í og við skráningarsvæðið, af þeim teljast aðeins sjö til friðaðra fornleifa. Fjórar af þeim sjö liggja innan áhrifasvæðis framkvæmdanna og stafar hættu af þeim.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið fylgir legu fyrirhugaðs rafmagnsstrengs sem plægja á í jörð á milli Lindarbrekku í Kelduhverfi og Grímsstaða á Fjöllum. Fyrirhuguð lega strengsins liggur á um 77 km löngum kafla og liggur að stærstum hluta meðfram Dettifossvegi, Hringveginum og Hólsfjallavegi. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein. Vegna þessa var tekið út 15 m svæði sitt hvoru megin við fyrirhugaða legu strengsins, 30 m breitt svæði í heildina. Engar friðlýstar fornleifar eru innan eða í nálægð við skráningarsvæðið.



Kort 2. Skráningarsvæðið afmarkað með rauðri línu.

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á stórum hluta skráningarsvæðisins (Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir 2000), (Uggi Ævarsson 2004), (Stefán Ólafsson 2008), (Rannveig Þórhallsdóttir 2020). Ekki uppfylltu allar fyrri skráningarnar núverandi staðla Minjastofnunar og í þeim tilvikum þar sem áður skráðar minjar lentu innan skráningarsvæðisins voru þær mældar upp. Eins hefur fornleifauppgröftur farið fram á minjum sem lenda innan skráningarsvæðisins (Lilja Björk Pálsdóttir 2008; 2010).

Fornleifaskráning

Í heildina voru skráðar níu minjar við fornleifaskráninguna, af þeim teljast sjö til friðaðra fornleifa og fjórar þeirra lenda innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Minjar [3414-001, -004, -005, & -008] eru innan við 15 m áhrifasvæði framkvæmdanna.

[3414-001] varða – samgöngubót

Varðan stendur um 2 m suðaustan við vegöxlina á Hólsfjallavegi um 500 m norðan við afleggjarann við Þjóðveg 1. Um er að ræða nokkra litla og meðalstóra steina sem hlaðnir eru ofan á einum stærri stein. Í grunninn er varðan um 1x1,2 m að stærð og hátt í 1 m á hæð. Í heildina voru skráðar þrjár vörður [3414-001, -002, & -003] í línu meðfram



Mynd 1. Varða [3414-001], mynd tekin til norðausturs.

Hólsfjallsveginum á tæpum 1 km löngum kafla á milli Þjóðveg 1 og að Grímsstöðum. Vegurinn liggur við gömlu leiðina á milli Jökulsár á Fjöllum og Grímsstaða og trúlega merkja vörðurnar fyrir gömlu leiðinni.

[3414-002] varða – samgöngubót

Varðan stendur um 30 m suðaustan við vegöxlina á Hólsfjallavegi nokkurn veginn beint á móti enda gamla flugvallarins sem staðsettur er um 150 m austur. Um er að ræða nokkuð lága grjóthlaðna vörðu, hlaðna úr litlum og meðalstórum steinum. Í grunninn er varðan um 1x1 m á stærð og um 0,5 m á hæð. Í heildina voru skráðar þrjár vörður



Mynd 2 Varða [3414-002], mynd tekin til suðurs.

[3414-001, -002, & -003] í línu meðfram Hólsfjallsveginum á tæpum 1 km löngum kafla á milli Þjóðveg 1 og að Grímsstöðum. Vegurinn liggur við gömlu leiðina á milli Jökulsár á Fjöllum og Grímsstaða og trúlega merkja vörðurnar fyrir gömlu leiðinni.

[3414-003] varða – samgöngubót

Varðan stendur rúma 2 m norðvestan við vegöxlina á Hólsfjallavegi um 250 m austan við Langavatnslindir. Um er að ræða lága grjóthlaðna vörðu, hlaðna úr litlum og meðalstórum steinum. Í grunninn er varðan um 0,6x1 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Í heildina voru skráðar þrjár vörður [3414-001, -002, & -003] í línu meðfram Hólsfjallsveginum á



Mynd 3. Varða [3414-003], mynd tekin til austurs.

tæpum 1 km löngum kafla á milli Þjóðvegur 1 og að Grímsstöðum. Vegurinn liggur við gömlu leiðina á milli Jökulsár á Fjöllum og Grímsstaða og trúlega merkja vörðurnar fyrir gömlu leiðinni.

[3414-004] varða – samgöngubót

Varðan er staðsett um 18 m norðan við Þjóðveginn þar sem gamla slóðin að sæluhúsinu við Jökulsána liggur. Um er að ræða litla og lága grjóthlaðna vörðu, hlaðna litlum og meðalstórum steinum. Í grunninn er varðan um 0,3x0,3 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Önnur eins varða [3414-005] stendur um 25 m austar. Erfitt er að segja til um aldur minjanna en vel má vera að þær séu hlaðnar af ferðamönnum í seinni tíð en gamli afleggjarinn virðist vera notaður sem útskot.



Mynd 4. Varða [3414-004], mynd tekin til vesturs.

[3414-005] varða – samgöngubót

Varðan er staðsett um 25 m norðan við Þjóðveginn þar sem gamla slóðin að sæluhúsinu við Jökulsána liggur. Um er að ræða litla og lága grjóthlaðna vörðu, hlaðna litlum og meðalstórum steinum. Í grunninn er varðan um 0,3x0,3 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Önnur eins varða [3414-005] stendur um 25 m vestar. Erfitt er að segja til um aldur minjanna en vel má vera að þær séu hlaðnar af ferðamönnum í seinni tíð en gamli afleggjarinn virðist vera notaður sem útskot.



Mynd 5. Varða [3414-005], mynd tekin til norðausturs.

[3414-006] gata – leið

Leiðin er greinileg stutt vestan við Borgarmel og liggur að þjóðveginum. Leiðin er misgreinileg og liggur grjót meðfram henni sem hefur verið hreinsað upp úr veginum. Ekki sést móta fyrir leiðinni á loftmyndum frá árinu 1991 en hún er vel greinileg á loftmynd frá árinu 2000 (Myndakort loftmynda). Er því trúlega um nokkuð ungan slóða að ræða og teljast minjarnar ekki til friðaðra fornleifa.



Mynd 6. Gata [3414-006], mynd tekin til austurs.

[3414-007] varða – samgöngubót

Minjarnar eru staðsettar á lágri hraunbundu um 120 m austan við Dettifossveginn. Um er að ræða lítið, hrúnið vörðubrot hlaðið úr hraunhellum. Vörðubrotið er gróið lyngi og mosa og nokkuð fornt á að líta. Ekki sást fleiri vörður á svæðinu.



Mynd 7. Varða [3414-007], mynd tekin til norðurs.

[3414-008] gata – leið

Gömul reiðleið sem liggur frá rústum Tóveggjarstekks til norðvesturs. Grafinn var könnunarskurður í minjarnar árið 2008 og sást greinileg ummerki um reiðleið en engin önnur ummerki um mannvist fundust í könnunarskurðinum (Lilja Björk Pálsdóttir, 2008:5). Reiðleiðin er greinileg vestan við Dettifossveg og liggur frá honum til norðvesturs.



Mynd 8. Varða [3414-008], mynd tekin til norðvesturs.

[3414-009] varða – samgöngubót


Stæðileg varða staðsett um 20 m vestan við Dettifossveg. Í grunninn er varðan um 3x2 m að stærð og um 1 m hæð. Framan við vörðuna er búið að perla með litlum steinum orðin „13 April 2023“. Varðan er ekki greinileg á loftmynd frá árinu 2000 (Myndakort loftmynda) og nokkuð öruggt er að varðan sé hlaðin nýlega líklega í apríl 2023 af dugmiklum ferðamönnum. Er því ekki um friðaðar fornleifar að ræða.



Mynd 9. Varða [3414-009], mynd tekin til norðurs.

Niðurstöður

Alls voru skráðar níu minjar í og við skráningarsvæðið sem liggur frá Grímsstöðum á Fjöllum að Lindarbrekku í Kelduhverfi. Af þeim níu minjum sem voru skráðar teljast aðeins sjö þeirra til friðaðra fornleifa og aðeins fjórum þeirra stafar hætta af framkvæmdunum. Í öllum tilvikum var um að ræða minjar sem tengjast samgöngum, vörður eða leiðir. Það er ekki að undra þar sem skráningarsvæðið liggur að mestu meðfram vegum sem byggðir eru ofan á eldri leiðum. Sjö vörður og tvær leiðir voru skráðar. Vörðurnar eru flestar nokkuð svipaðar að gerð, nokkuð lágar og litlar um sig að undanskilinni vörðu [3414-007] sem er nokkuð stór og heilleg, enda er ekki langt síðan sú var hlaðin.



Kort 3. Staðsetning Mariugerðis og Tóveggjarstekks við áhrifasvæði framkvæmdanna.

Á tveimur stöðum stuttu norðan og stuttu sunnan við þar sem Dettifossvegur liggur í gegnum Meðavallaskóg liggur framkvæmdasvæðið nálægt minjum tengdum gömlum bæjarstæðum. Um er að ræða bæjarstæði Mariugerðis og Tóveggjarstekks. Minjum við bæjarstæðin tvö hefur áður verið raskað af vegaframkvæmdum en vegna þeirra fór fram fornleifarannsókn árið 2008 á þeim minjum sem voru í hættu (Lilja Björk Pálsdóttir 2008). Ekki voru skráðar neinar minjar innan áhrifasvæðis strenglagnarinnar við bæjarstæðin tvö og liggur það svæði að langmestu leyti um

raskað svæði tengt vegaframkvæmdunum. Er því þó beint til framkvæmdaraðila að fara þurfi með sérstakri gát um þessi svæði á framkvæmdartíma.

Heimildaskrá:

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (2000). *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda*. Fornleifastofnun Íslands. FS118-96014. Reykjavík.

Lilja Björk Pálsdóttir (2008). *Fornleifakönnun á framkvæmdasvæði fyrirhugaðs Dettifossvegar: Tóveggjarstekkur, Hræksstaðir og Maríugerði*. Fornleifastofnun Íslands. FS400-08221. Reykjavík.

Lilja Björk Pálsdóttir (2010). *Fornleifauppgröftur á fornu býli í Kelduhverfi, Framkvæmdarrannsókn vegna fyrirhugaðs Dettifossvegar*. Fornleifastofnun Íslands. FS443-0906. Reykjavík.

Lilja Björk Pálsdóttir (2017). *Dettifossvegur, Framkvæmdavakt*. Fornleifastofnun Íslands. FS670-15291. Reykjavík.

Myndakort Loftmynda.

Uggi Ævarsson (2004). *Dettifossvegur: Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðs vegar frá Mývatnsöræfum í Ásbyrgi*. Fornleifastofnun Íslands. FS255-04061. Reykjavík.

Rannveig Þórhallsdóttir (2020). *Fornleifaskráning vegna lagningar há- og Lágspennustrengs í Kelduhverfi og Öxarfirði, Norðurþingi*. Sagnabrunnur ehf.

Stefán Ólafsson (ristj.) (2008). *Fornleifaskráning í Kelduneshreppi*. Fornleifastofnun Íslands. FS392-05131. Reykjavík.

Túnakort Keldunes (1918). Kristján Jónsson.

Túnakort Grímsstaðir (1918). Kristján Jónsson.

Örnefnaskrá Ásheiði (1961). Ari Gíslason skráði.

Örnefnaskrá Grímsstaðir (1973) Ari Gíslason og Kristján Eiríksson skráðu.

Örnefnaskrá Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir (1975).


Örnefnaskrá Tóveggur. (1975).

Örnefnaskrá Reykjahlíð (1940). Ari Gíslason skráði

Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis.

Af þeim sjö friðuðu fornleifum sem skráðar voru teljast fjórar stafa hætta af framkvæmdunum. Um er að ræða þrjár vörður [3414-001, -004, & -005] og leið [3141-008]. Kemur strengurinn til með að liggja í gegnum minjar [3414-008] en í tilfelli varðanna liggur strengurinn aðeins innan 15 m friðhelgaðs svæðis umhverfis minjarnar. Vegna eðli minjanna og rannsókna sem áður hafa farið fram í tilfelli leiðar [3414-008] er ekki talin þörf á að breyta fyrirhugaðri legu strengsins heldur ætti að nægja að merka fyrir minjunum á framkvæmdatíma.


Grímsstaðir – Varða [3414-001]



Kort 4. Staðsetning minja [3414-001] með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda.

Við Hólsfjallaveg stutt frá afleggjaranum við Þjóðveg 1 er fyrirhuguð legu strengsins innan 15 m friðhelgaðs svæðis vörðu [3414-001]. Er varðan rúmlega 8 m suðaustan við legu strengsins. Eru minjarnar þess eðlis að engar líkur eru taldar á að fornleifar verði fyrir skemmdum vegna jarðrasks í nálægð við minjarnar. Lagðar eru til þær mótvægisáðgerðir að merkt verði fyrir minjunum meðan framkvæmdartíma stendur svo koma megi veg fyrir rask á vörðunni.

Reykjahlíðarafrétt – Vörður [3414-004, & -005]




Kort 5. Staðsetning minja [3414-004, & -005] með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda.

Stutt norðan við Þjóðveg 1, við afleggjarann að slóðanum að Sæluhúsinu við Jökulsánnu er lega strengsins innan 15 m friðhelgaðs svæðis varða [3414-004, & -005]. Stendur varða [3414-004] um 7 m norðan við fyrirhugaða legu strengsins og varða [3414-005] tæpa 15 m norðan við fyrirhugaða legu strengsins. Eru minjarnar þess eðlis að engar líkur eru taldar á að fornleifar verði fyrir skemmdum vegna jarðrasks í nálægð við minjarnar. Lagðar eru til þær mótvægisáðgerðir að merkt verði fyrir minjunum meðan framkvæmdartíma stendur svo koma megi veg fyrir rask á vörðunum.

Tóveggur – Leið [3414-008]

Þétt vestan við Dettifossveg við eyðibýlið Tóveggjarstekk kemur fyrirhuguð lega strengsins til með að þvera í gegnum gamla reiðleið [3414-008]. Hafa minjarnar áður verið rannsakaðar með greftri könnunarskurðar í gegnum þær árið 2008 og ekki er talin þörf á frekari

mótvægisaðgerðum vegna þeirra.



Kort 6. Staðsetning minja [3414-008] með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda.

Samantekt

Ekki er talin þörf á því að fyrirhuguð lega strengsins verði færð vegna þeirra fjögurra minja sem lenda í vegi, eða innan áhrifasvæðis hans. Er það mat skráanda að merking minja [3414-001, -004, & -005] meðan á framkvæmdartíma stendur séu fullnægjandi mótvægisaðgerðir gegn þeirri hættu sem stafar af þeim. Í tilfalli leiðar [3414-008], sem fyrirhuguð lega strengsins kemur til með að þvera, séu fyrri rannsóknir á minjunum og skráning þeirra nú fullnægjandi mótvægisaðgerðir. Sá fyrirvari er þó settur hér að það er Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Tafla yfir skráðar minjar

Númer	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3414-001	varða	samgöngubót	friðað	heillegar	870-1950	630164.984	573272.424
3414-002	varða	samgöngubót	friðað	heillegar	870-1950	630841.694	573936.822
3414-003	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	870-1950	630325.851	573478.153
3414-004	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	1900-2000	628691.190	571896.606
3414-005	varða	samgöngubót	friðað	vel greinanlegar	1900-2000	628716.084	571906.539
3414-006	gata	leið	annað	greinanlegar	1995-2010	623007.515	574630.239
3414-007	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	870-1950	621140.525	576339.512
3414-008	gata	leið	friðað	illgreinanlegar	870-1900	610030.044	615782.623
3414-009	varða	samgöngubót	annað	heillegar	2023	620796.821	576911.118

Viðauki III. Minjakort

Minjakort

